



Your complimentary
use period has ended.
Thank you for using
PDF Complete.

Click Here to upgrade to
Unlimited Pages and Expanded Features

Æskulýðs og tómstundanefnd Flóahrepps

Síða

arfsemi félagsmiðstöðvar ofl.

1 (1)

| | | | |
|--|-----------------------------|-------------|------------|
| Dags. fundar | Tími | Staður | Nr. fundar |
| 10.03.2011 | 20:15 | Flóaskóla | 5 |
| Fundarboðandi | Fundarritari | Dags. Boðað | |
| Anný Ingimarsdóttir | Sigríður M. Björgvinsdóttir | 01.03.2011 | |
| Fundarmenn | | | |
| Anný Ingimarsdóttir, Gauti Gunnarsson og Sigríður Magnea Björgvinsdóttir | | | |
| Aðrir | | | |
| Fundarmenn, aðrir í æskulýðs og tómstundanefnd Flóahrepps auk Margrétar Sigurðardóttur | | | |

| Atriði nr. | Lýsing | Ábyrgð | Dags. |
|------------|---|--------|------------------|
| 1 | Fyrsta opna hús var haldið í Flóaskóla þann 24. febrúar sl. og fór vel fram. Þangað mættu um 15 unglingar auk Sigrúnar Þorsteinsdóttur umsjónarkennara 9. bekkjar. Anný Ingimarsdóttir var á staðnum með Örvari Rafni Hlíðdal sem hefur unnið í félagsmiðstöðinni Zelsius á Selfossi og mætti til skrafs og ráðagerða út frá þeirri reynslu. Aðstaðan í skólanum fyrir rekstur félagsmiðstöðvar var rædd. | Allir | 24. febrúar 2011 |
| 2 | Nefndin ráðgerir að kaupa borðspil til afnota í félagsmiðstöðinni auk þess að athuga með borðtennis borð. | Allir | |
| 3 | Samfés hátíðin var sótt af 24 unglingum úr Flóahreppi og var mikil ánægja með þá ferð. | Allir | |
| 4 | Ákveðið að gera tillögu að því að Örvar Rafn Hlíðdal verði ráðinn tímabundið til að halda utan um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar til máí loka en síðan verði starfið auglýst í sumar. Þetta er lagt til með þeim rökum að unglingarnir þekki Örvar frá félagsmiðstöð Selfoss, Zelsius, auk þess sem reynsla hans þar muni nýtast til að ýta starfinu úr vör. Anný og Sigríður samþykkja, Gauti situr hjá með athugasemd um að bjóða hefði átt starfið innan sveitar. | Allir | |
| 5 | Rætt um að Sigrún umsjónarkennari taki við heimasíðu félagsmiðstöðvarinnar þar sem hún sé í mikilli snertingu við það starf. Sigríður mun setja Sigrúnu inn í þá vinnu ef hún er tilbúin til að taka þetta að sér. | Allir | |
| 6 | Önnur mál sem rædd voru á fundinum tengdust íþróttastyrkjum skv. Samstarfssamningi Flóahrepps og ungmennafélaganna. Kynningu vantar á þessum styrk og hve hár hann er fyrir hvern einstakling. Breyta þarf kröfu um félagsaðild að ungmennafélagi sem skilyrði fyrir veitingu íþróttastyrksins vegna laga um félagafrelsi. Við teljum að íþróttastyrkur og tómstundastyrkur sem öll börn, unglingar og ungmenni í Flóahreppi gætu sótt feli í sér forvarnagildi. | Allir | |
| 7 | Fundi slitið kl. 21:15 | Allir | |
| 8 | Næsti fundur ákveðinn 19. Apríl kl. 20:15 á sama stað | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |